

Lög

um

20
27. júní

eignarnám á vatnsrjettindum í Andakílsá o. fl.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Sýslunefndunum í Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu er heimilað að taka eignarnámi vatnsrjettindi í Andakílsá og Skorradalsvatni og landspildur við Andakílsá og Skorradalsvatn, svo sem þarf til virkjunar á Andakílsfossom.

Heimild þessi kemur til framkvæmdar þegar sýslunefndirnar hafa ákveðið að koma upp vatnsorkuveri við fossana og raforkuveitu þaðan út um sýslurnar og fengið samþykki ráðherra til fyrirtækisins.

2. gr.

Heimild sú, er ræðir um í 1. gr., er takmörkuð á þann hátt, að enginn sje með virkjuninni sviftur vatni, sem hann þarf að nota til heimilis- og búsparfa eða til áveitu í ræktunarskyni, nje neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, nje vatni, er nota þarf með þeim hætti, spilt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi.

3. gr.

Þegar ráðherra hefir veitt samþykki samkv. 1. gr., eru landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem mannvirkin eiga að ná yfir, skyldir að þola þau á löndum sínum og lóðum, svo og að láta af hendi land og mannvirki og að þola hverskonar afnot af landi, takmarkanir á umráðarjetti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhaldi þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem skal ákveða með mati, ef samkomulag næst ekki.

20
27. júní

4. gr.

Um framkvæmd eignarnámsins skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61
14. nóv. 1917.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.).

Pjetur Jónsson.

21
27. júní

Lög

um

biskupskosningu.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Þegar biskupsembætti þjóðkirkjunnar losnar, skal það veitt samkvæmt
lögum þessum.

2. gr.

Allir þjónandi prestar og prófastar þjóðkirkjunnar, sem og guðfræðis-
kennarar háskólans, tilnefna 3 menn sem biskupsefni, er rjett hafa til em-
bætta í þjóðkirkjunni, í þeirri röð, er þeim þykir best við eiga.

3. gr.

Rjett kjörinn biskup er sá, sem fær $\frac{3}{5}$ atkvæða.

Nú fær enginn þann atkvæðafjölda, og skal embættið þá veitt þeim
þeirra þriggja, er flest fengu atkvæðin, sem kirkjustjórnin telur best til
þess fallinn.